

Spekingur vikunnar

1. Hvað heitir þú? Henrika Sif Sigurjónsdóttir.
2. Hvað ertu gömul? Fjögra.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni? Úu, Thelma heitir Thelma Sif, mamma mín heitir Helena, pabbi minn heitir bara pabbi og svo Friðrika.
4. Hvað finnst þér gott að borða? Úu, mér finnst gott að borða jarðaber.
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Mér finnst skemmtilegast að púsla.
 - a. Af hverju? Af því að ég er svo dugleg að púsla.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? Ömm, mér finnst leiðinlegast að perla. Stundum er samt gaman að perla, en stundum líka leiðinlegt.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera? Kanína.
 - a. Af hverju? Mér finnst þær sætar og góðar.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn? Bleikur og fjólublár.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna? Úu, kanínu.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Úu, ég ætla að vera búðakona.
 - a. Hvað gerir búðakona? Hún gerir allt sjálf.
 - b. Hvað gerir hún sjálf? Úu, hún setur mjólkina sjálf inni í búðina svo hún verði ekki súr.
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag? Til Spánar.
 - a. Hvað myndirðu gera þar? Mig langar að fara í rússíbana.
12. Af hverju er himininn blár? Af því að dagurinn er svona blár.
13. Hvað ætlarðu að gera í sumarfríinu þínu? Fara út að hjóla og fara út í sjoppu að kaupa Kinder-egg.

